



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Landsvirkjun
Valur Knútsson
Forstöðumaður
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2021
MÍ202111-0144/ 6.07 / K.M.

Efni: Hvammsvirkjun. Leyfi til framkvæmda.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf Landsvirkjunar frá 17. nóv. s.l. þar sem farið er fram á að Minjastofnun heimili fyrir sitt leyti framkvæmdir við fyrirhugaða Hvammsvirkjun.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Eins og fram kemur í bréfi Landsvirkjunar hefur verið unnið að því á undanförunum árum að uppfylla skilyrði um mótvægisáðgerðir sem fram komu í mati á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar. Vinnan hefur farið fram í góðu samstarfi Landsvirkjunar og Minjastofnunar Íslands, áður Fornleifaverndar ríkisins. Í bréfi, dags. 02.02.2015, staðfesti Minjastofnun að rannsóknnum á fornleifum sem farið hafði verið fram á að gerðar yrðu áður en framkvæmdir við Hvammsvirkjun hæfust væri lokið. Einnig er búið að ljúka frekari rannsóknnum sem stofnunin fór fram á í september 2015 að gerðar yrðu á rústum Skarðssels.

Eins og fram kemur í bréfi Landsvirkjunar gerði Minjastofnun Íslands ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi Hvammsvirkjunar sem stofnunin fékk til umsagnar fyrir á þessu ári.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, dags. 10.06.2003, var fjallað um eyðibýlið Á eða Árbæ. Eftirfarandi texti er úr umsögninni (skáletraður texti er úr fornleifaskráningarskýrslu Fornleifafræðistofunnar):

Á eða Árbær, eyðibýli (46:1-n). Í landi Hvamms. Í króknum við Þjórsá, ofan við Ölmóðsey. Á Bæjarnesi suðvestanverðu, Bæjranestorfu og blásnum melum þar hjá. Í haga og urð. Á ca. 100 x 250 m stóru svæði (N – S). Svæðið er að hluta til gróðið (Bæjarnes og Bæjarnestorfa) og hluta til gjörblásið. Rústir finnast bæði á grónu og blásnu landi. Fjöldi rústa er örugglega meiri en sá sem hér er skráður, en trúlega svo orpnar sandi að þeirra sjást engin merki nú. Sagt er að búið hafi verið á staðnum fram yfir miðja 18. öld (Brynjúlfrur Jónsson 1898:2). Hugsanlega má finna tvær kynslóðir íbúðarhúsa, rúst nr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

46:3 og 46:4. Sagt er að Ketill einhendi hafi numið land á þessum stað og byggt sér bæ (Íslensk fornrit 1968:364). Hugsanlega hefur garðurinn, fornleifar nr. 45, verið hluti af býlinu Á. Rústir Árbæjar voru friðlýstar árið 1927. Í friðlýsingunni segir: „Rústir Árbæjar hins forna. Þær eru í 4 stöðum á króknum við Þjórsá fyrir ofan Ölmóðsey.“ Fornleifafræðistofna skráði fjórar rústir á svæðinu. Þar af er ein yngri en sjálft eyðibýlið, rúst (skotbyrgi?) nr. 46:2. Ljóst er rústirnar eru mjög nærri fyrirhuguðum frárennsliskurði en að hægt ætti að vera að komast hjá raski á þeim ef varlega er farið. Svæðið með rústunum þarf að girða af í heild sinni til að koma í veg fyrir að skemmdir verði á fornleifum vegna umferðar vinnuvéla. Skurður svo nærri hinum friðlýsta rústum kemur til með að rýra sjónrænt gildi staðarins. Við frágang á frárennslisskurðinum þarf að hafa þetta í huga og vanda allan frágang kringum hann.

Í minnisblaði frá 9. nóv. s.l., sem fylgdi bréfi Landsvirkjunar segir að rústir eyðibýlisins Ár/Árbæjar skuli merkja og/eða girða af og að hafa skuli kerfisbundið eftirliti með þeim á verktíma.


Eftir að umhverfismatið var gert hefur legu vegar, sem liggja á að stíflu við norðaustur horn Ölmóðseyju, verið breytt. Í stað þess að liggja meðfram árbakkanum á að leggja veg frá veginum meðfram frárennsliskurði til norðurs að stíflunni. Eins og fram kemur hér að ofan skráði Fornleifafræðistofan fjórar rústir á svæðinu þar af eitt skotbyrgi sem er yngri en friðlýsta eyðibýlið Á/Árbær. Árið 2015 skráði Fornleifastofnun Íslands ses friðlýstar fornleifar á völdum stöðum á Suðurlandi. Meðal þessara staða voru rústir Ár/Árbæjar. Skráðar voru 10 fornleifar á bæjarstæðinu auk fundastaðar brýnis um 70 m NNA af bæjarhólnum. Staðina 10 má sjá á minjavefsjá á heimasíðu Minjastofnunar. Árið 2020 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla IV*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á bænum Á/Árbær og staðsetning fornleifa sýnd á minjakorti. Á sama svæði og friðlýstu fornleifarnar eru, austan við Ölmóðseyju, voru skráðar tvær tóftir, skotbyrgi (RA-438:006) og útihús (RA-438:007). Bjarni F. Einarsson skráði skotbyrgið á sínum tíma en tóft útihússins er talin tilheyra gamla bæjarstæði Ár/Árbæjar og er þá hluti af friðlýstum fornleifum á svæðinu. Vakin er athygli á að Bjarni F. Einarsson taldi á sínum tíma að fjöldi rústa á svæðinu væri örugglega meiri á svæðinu en hann skráði.

Í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að friðlýstum fornleifum skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Ljóst er að fyrirhugaður vegu að stíflunni við Ölmóðseyju mun liggja í gegnum minjasvæði Ár/Árbæjar. Minjastofnun telur að hafa þurfi samráð við stofnunina um endanlega legu vegarins svo að tryggt verði að hann raski ekki friðlýstum fornleifum á svæðinu. Þá þarf líkt og komið er fram að girða minjasvæðið frá framkvæmdasvæði vegarins og frárennslisskurðarins og hafa kerfisbundið eftirlit með fornleifunum á verktíma.

Mótvægisáðgerðum sem framkvæma átti áður en framkvæmdir við Hvammsvirkjun hefjast er lokið. Minjastofnun minnir á að ýmsar mótvægisáðgerðir eru áætlaðar á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum lýkur líkt og m.a. kemur fram í minnisblaði Landsvirkjunar frá 9. nóv. s.l.

Minjastofnun Íslands heimilar fyrir sitt leyti framkvæmdir við fyrirhugaða Hvammsvirkjun. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Helgi Jóhannesson (helgi.johannesson@landsvirkjun.is)

